

Nr. 24.
15.
ágúst.

Bráðabirgðalög,

er

banna að flytja vopn og skotföng frá Íslandi til Kína.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmørski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þar eð það eins og nú stendur á í Kína og með hliðsjón af bönnum, er önnur ríki hafa gefið út, er mjög áriðandi, að eigi sje leyft nú sem stendur að flytja hervopn og skotföng frá Íslandi til Kína, teljum Vjer brýna nauðsyn á að gefa út bráðabirgðalög, samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti heimild til að banna og hegna fyrir þesskonar útflutning frá Íslandi:

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Frá Íslandi skal fyrst um sinn bannað að flytja hervopn eða hluta af þeim, svo og skotföng og öll önnur áhöld til hernaðar, er ætlað er til að fari til Kína.

Brot gegn banni þessu varðar sektum frá 200 til 2000 kr., og ef ítrekað er allt að 6 mánaða einföldu fangelsi.

Um mál, er af þessu rísa, fer sem um opinber lögreglumál.

2. grein.

Ráðgjafa Íslands er heimilt að veita undanþágur frá þessu banni, eptir því til hvers hafa skal áhöldin.

3. grein.

Lög þessi öðlast gildi daginn eptir að það tölublað af B-deild stjórnartíðindanna kom út, er þau eru birt í.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 15. ágúst 1900.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Goos.

Foreløbig Lov.

hvorved

Nr. 24.
15de
August.

det forbydes fra Island at udføre Vaaben og Ammunition til Kina.

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Benders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,**

Gøre vitterligt: Da det under de i Kina stedfindende Forhold og under Hensyn til de af andre Stater i saa Henseende udstedte Forbud er af Bigtighed, at det for Tiden ikke tilstedes fra Island at udføre Krigsvaaben og Ammunition til Kina, have Vi fundet det paa-trængende nødvendigt i Henhold til Forfatningslovens § 11 ved foreløbig Lov at staffe for-nøden Hjemmel til for Island at forbyde og i Overtrædelsestilfælde at straffe saadan Udførsel:

Thi byde og befale Vi som følger:

§ 1.

Indtil videre forbydes det fra Island at udføre Krigsvaaben eller Dele af saadanne samt Krigsammunition, og alt andet Krigsmateriel, forsaavidt disse Genstande ere bestemte til Kina.

Overtrædelser af dette Forbud straffes med Bøder fra 200 til 2000 Kr. og i Gen-tagelsestilfælde med simpelt Fængsel indtil 6 Maanedere.

Sagerne behandles som offentlige Politisager.

§ 2.

Ministeren for Island bemyndiges til at tilstaa Undtagelser fra ovennævnte Forbud af Hensyn til Varernes Bestemmelse.

§ 3.

Denne Lov træder i Kraft Dagen efter, at det Nummer af Regeringstidenden, Af-deling B. er udgaaet, hvori det bekendtgøres, at Loven er udkommen.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 15de August 1900.

Under Vor Kongelige Haand og Segl

Christian R.

(L. S.)

Goos.

Nr. 24. Foreløbig Lov af 15. August, hvorved det forbydes fra Island at udføre Vaaben og Ammunition til Kina.